

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 169/1970 um söluskatt með áorðnum breytingum.

#### 1. gr.

2. mgr. 2. tl. 13. gr. reglugerðarinnar (sbr. 1. gr. rgl. nr. 427/1980) orðist svo:

Undanþága samkvæmt þessum tölulíð tekur þó ekki til sælgætis, öls, gosdrykkja eða annarra vara sem gjaldskyldar eru samkvæmt lögum nr. 77/1980 um vörugjald með áorðnum breytingum sbr. reglugerðir sem settar eru samkvæmt þeim lögum. Undanþágan nær heldur ekki til tóbaks, drykkjarvara sem innihalda áfengi, tilbúinna efna til öl- eða víngerðar, poppkorns eða annars sælgætis þó það sé ekki gjaldskytt samkvæmt lögum um vörugjald.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 9. október 1981.*

**Ragnar Arnalds.**

Árni Kolbeinsson.

Nr. 565.

4. september 1981.

## SAMÞYKKT

### um hundahald í Nesjahreppi A-Skaftafellssýslu.

#### 1. gr.

Hundahald er óheimilt í Nesjahreppi nema með leyfi sveitarstjórnar.

#### 2. gr.

Leyfi til hundahalds í hreppnum er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins. Þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem skal vera í öl um háls hundsins.
- b) Árlega skal greiða í sveitarsjóð leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi hefur verið veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum skv. samþykkt þessari og skal upphæð þess við það miðuð. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hunds til n. k. júlímánaðar og síðan árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Hundar, sem notaðir eru á lögbýlum í hreppnum við búrekstur eru undanþegnir þessu gjaldi en hlíta samþykkt þessari að öðru leyti.
- c) Skytt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýnir að tryggingin sé í fullu gildi.
- d) Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró hreppsþúa og séu hvorki þeim né öðrum til óþæginda og valdi ekki óróa né skaða í búfénaði. Skytt er hundeiganda í þéttbýli að láta hunda sína ekki ganga lausa utan eigin lóðar. Jafnframt er eigendum þarfahunda á lögbýlum skytt að sjá til þess að hundar þeirra flækist ekki um lausir í hreppnum.
- e) Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúar samþykki slíkt og skal leggja